




Guðmundur Ingólfsson: Nýju svalirnar.



Vladimir Schohin: Sill life.

Frozen Image

Myndlist

Valtýr Pétursson

Ad undanförunu hefur verið fremur rólegt á Kjarvalsstöðum. Þar hefur sem sagt ekkert verið um að vera síðan í desember á síðasta ári, en nú eru hjólin aftur farin að snúast, og ein víðamesta sýning, sem haldin hefur verið á ljósmyndum hér á landi, opnuð fyrir fáum dögum í báðum söllum Kjarvalsstaða. Þetta er hin víðfræga *Scandinavia today*-kynning, sem haldin var í Bandaríkjunum á seinasta ári, og auðvitað er hér aðeins um einn þátt þess mikla fyrirtækis að ræða. Nú er sem sé komin röðin að heimalöndunum að fá að sjá hvernig mannfólkið og umhverfið á þessu landsvæði var kynnt fyrir öllum þeim þúsundum, er sá þessa sýningu.

Eins og ég hef þegar sagt, er þessi sýning í báðum söllum á Kjarvalsstöðum. Þarna eru hvorki meira né minna en 468 ljósmyndir frá löngu tímabili, og ég fæ ekki betur séð en þarna sé meirihlutinn orðinn til fyrir aldamót og um aldamótin. Það er því varla réttnefni að kalla þetta *Scandinavia today*, en *Frozen Image* er að mínum dómi miklu raunhæfari nafngift. Hér er framlagi hvers lands ekki haldið saman í einni heild, heldur öllu blandað saman, og öll þessi ólíku lönd og mannfólkið, er byggir þau, gert að einni heild. Þetta styrkir sýninguna í heild, og er tvímælaust til hins betra fyrir alla aðila. Myndvalið í heild er mjög vandað og sýnir ýmsar hlíðar á mannlífi og atburðarás stórvíburða. Daglegt amstur og lífsbarátta, gleði og sorgir, blasa þarna við. Landslagið fær einnig sess, og við blasa köld og hrjóstrug norðursvæðin. Þarna iðar enn borgarlíf, sem nú er lokið og að-

eins til á plötum ljósmyndara og ritað í umferð rómantikurinnar á bókum okkar Norðurlandamanna. Þarna eru einnig portrett af fögrum konum og frægum persónuleikum eins og *Strindberg* og *Munch*, en sá síðarnefndi á þarna nokkrar myndir, sem eru forvitnilegar og ekki síst með samburði við myndlist meistarans. Einnig má benda á allt það frásögugildi, sem fólgið er í þessu myndvali. Listræna hliðin er heldur ekki látin fyrir bí, og svo mætti lengi telja. Ekkert veit ég, á hvaða forsendum þessi sýning hefur orðið til, en það er auðséð, að úr mörgu hefur verið valið, og auðvitað er eins og ævinlega í slíkum tilfellum, að eitthvað vantar, og vafalaust hefur ýmislegt slæðst með, sem ekki var æskilegt, en látum það liggja milli hluta. Í heild er þetta heillandi sýning og miklu merkilegri en mér hafði komið til hugar.

Það er mikið starf að skoða slíka sýningu, svo að vel megi vera. Það er því ekki um annað að ræða en stikla á stóru og nefna aðeins það sem eftirminnilegast er þarna á ferð, og í því sambandi langar mig að benda á einstaka ljósmyndara, en eins og áður segir, verður fljótt yfir sögu farið.

Persónulega hafði ég mikla ánægju af myndum *E. Munch*, en ég er mikill addáandi hins ástsæla málara, og má vera að það hafi haft sitt að segja. Einn ljósmyndari úr þessum hópi virðist hafa fest í huga mér, en það er *Vladimir Schohin*, Finni, sem sýnir mjög fágáðar og sterkar myndir. Er sama hvort hann á við uppstillingar eða annað. Þarna eru að mínum dómi listaverk á ferð. Fyrir löngu hef ég uppgötvað listrænt gildi verka *Jóns Kaldal* og dád verk hans, en annar Íslendingur kom mér á óvart í þessum hópi:

August Strindberg: Sjálfmynd í Gersau.



Jón J. Dahlmann, sem á þarna þrjár myndir hver annarri betri. *Henry B. Goodwin* sýnir frábærar konumyndir, sem virðast þarna í sérflökki. Hann mun vera Sví.

IMATRA-vinnustofan er með skemmtilegt verk frá því um aldamótin í Finnlandi. *Karl Sandels* er Sví og nær að gera verk sín afar lifandi og fersk. *Anton Blomberg* er annar Sví, sem ekki verður gengið framhjá. Mynd hans af blaðasalanum á *Vasabrúnni* er ógleymanleg. *Thomas Neergaard Krabbe* var danskur læknir, sem í byrjun aldarinnar tók óborganlegar myndir á Grænlandi. Svo eru það hinar ógleymanlegu og

dramatísku myndir *Nils Strindberg*, er hann tók af dauðastríði þeirra á *Erninum*, en plötur þessar fundast á ísbreiðunni eftir 30 ár. *Saga*, sem við þekkjum bæði af bók og úr sjónvarpinu fyrir nokkrum vikum. Norðmaðurinn *Knud Knudsen* sýnir okkur hið speglandi logn og máttuga þögn í norskum firði. *Ellisif Wessel* tekur lífsbaráttu Sama til úrvinnslu. Mismunandi stéttir þjóðfélagsins eru víðfangsefni Danans *Heinrich Tönnies*, og gefa ágæta hugmynd um árin fyrir aldamót. Einnig vil ég geta um Svíana *Christer Strömholm* og *Hans Malmberg*, sem vekja athygli, og ekki má gleyma Dananum *Peter L. Petersen* (*Elf-*

elt). Það mætti nefna mörg nöfn þessu til viðbótar, en látum af upptalningum að sinni. Á þessari miklu sýningu er fjöldinn allur af fólki, sem margt mætti um rita, en það er einfaldlega ekki pláss fyrir alla í stuttri blaðagrein. Ég bið því forláts á, hve fáir komast hér á blað, en það er sannfæring mín, að hver og einn, sem skodar þessa sýningu, komist að þeirri niðurstöðu, að þarna sé svo margt að sjá og athuga, að það sé vel þess vert að eyða dagstund í að kynna sér ljósmyndir þær, sem valdar hafa verið. Þarna er aragrúi af verkum, sem bæði segja sögu og hafa listrænt gildi. Það mætti ef til vill svo að orði kveða, að þarna sé hluti af sögu norræna þjóða í hnotskurn, og nú er einstakt tækifæri til að njóta þess framlags ljósmyndara í þessari mikilvægu kynningu meðal einnar stærstu þjóðar veraldar. Þessar línur segja sjálfsgott of lítið um jafmerkilegt fyrirbæri og þessi sýning er í heild, en hver og einn getur lagt leið sína að Kjarvalsstöðum og upplifað þessi verk á sinn eigin hátt. Hér á við máltækið: Sjón er sögu ríkari og ég hvet fólk til að sjá, hvað hér er á ferð.

Það er til sölu alveg frámunalega vel gerð bók í sambandi við þessa sýningu. Nokkrar konar sýningar skrá í stóru broti og vel prýdd myndum. Greinar eru þar frá hverju landi fyrir sig og Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari skrifar fyrir Íslands hönd. Þetta er sérlega vönduð og falleg bók, eiguleg og hin mesta prýði. Auðvitað heitir þetta rit *The Frozen Image* og undirtitill: *Scandinavian Photography*.

Við lifum á miklum umbrotatímum í listinni. Þessa setningu sér maður stundum á prenti. Það má vel vera sannleikur, og eitt má þó fullyrða. Ljósmyndaþekkin hefur verið tekin í þjónustu þeirra manna, sem stunda myndlist. Ljósmyndin er orðin að listaverki, er stundum sagt, en eigum við ekki að slá því föstu, að ljósmyndin hafi allt frá byrjun verið listaverk, þegar rétt var staðið að hlutunum.

Stefán Gunnlaugsson

Ad undanförunu hefur staðið yfir sýning á verkum Stefáns Gunnlaugssonar í vinnustofu hans að Ármúla 5 á fjórðu hæð. Þetta er þriðja einkasýning Stefáns, en sú fyrsta hér í borg. Þarna voru 18 málverk og fimm myndir eftir dóttur listamannsins, Petru.

Allt eru þetta myndir gerðar í oliulitum og vikri. Þær hafa því nokkuð sérstaka áferð, og einnig hefur þessi efnismeðferð áhrif á sjálfa litasamsetningu myndanna. Stefán er nokkuð upprunalegur (primitífur) í verkum sínum og sér fyrirmyndir sínar á þann hátt, er einkennir slík málverk. Ekki get ég nú sagt með sannri, að þessi verk Stefáns hafi haft áhrif á mig til hins betra.

Hann virðist ná bestum árangri í mynd eins og nr. 11, sem er í gráum tónum, og vikurinn á vel við fyrirmyndina, sem er Keilir. Annars fannst mér þetta heldur of meinlaus myndlist hjá Stefáni, en það er ekki að vita nema meira sé í vændum, þótt það sé ekki sjáanlegt eins og stendur. Myndir dótturinnar eru eins og búast má við af 16 ára unglingi, sem gripur í að mála svona við og við. Annað get ég ekki sett á blað um þessa sýningu og hef því litlu við þessar línur að bæta, nema hvað ég hafði gaman af að koma í vinnustofu og heimili Stefáns, en þar er bæði vistlegt og útsýni ágætt.

Þetta verða sjálfsgott nokkuð síðbúna línur, og guð má vita,

hvort sýningin stendur enn. En það er nú orðið þannig í þessari borg, að sýningar fara auðveldlega framhjá manni, sé manni ekki gert aðvart. Og þannig var nú einu sinni um þessa sýningu.

Enda hefur og veðráttu ekki verið hagstæð sýningum að undanförunu. Það má með sannri segja, að Íslandsmenn láti ekki ótið hamla sinni sýningariðju. Þrátt fyrir örduga umferð og vitlaust veður hefur hver sýningin af annarri verið í gangi í þessari borg. Það er því nærtækast að ætla, að ekkert fái stöðvað það flóð sýninga, sem verið hefur að undanförunu, en auðvitað ber það með sér margt misjafnt, eins og eðlilegt er. Vonandi batnar veður með hækkandi sól og þá einnig sýningar.

Valtýr Pétursson

